Ársskýrsla öryggisnefndar 2026

Nefndin fundar að jafnaði á 2 vikna fresti en erindi berast reglulega og þarfnast afgreiðslu oftar en það. Á borð nefndarinnar koma mjög fjölbreytt mál, allt frá athugasemdum við ökuhraða, aðbúnað á mótum, breytingar á deili og aðalskipulagi og annað í þeim dúr. Fyrirferðarmest þetta starfsár hefur verið fundarferð hringinn í kringum landið. Markmiðið með þessum fundum var að eiga samtal við lögreglu og bráðaþjónustu. Eins og flestir hestamenn vita var fest í reglur LH viðbragðsáætlun sem hefur gefið góða raun og eiga hestamenn hrós skilið fyrir að hafa tekið vel í erindið. Reynt hefur á þessa áætlun og sem betur fer hafa ekki orðið mjög alvarleg slys. Markmiðið öryggisnefndar er eins og nafnið gefur að skilja að auka öryggi hestamanna. Fyrst "byrjuðum við heima hjá okkur" og höfum átt gott samtal innan okkar raða ásamt því að hafa tekið vel í fyrrnefnda viðbragðsáætlun. Nú var svo röðin komin að utanspítala þjónustu og öðrum viðbragðsaðilum. Að mínu mati, formanns nefndarinnar er skrifa þessa skýrslu er misbrestur á viðbrögðum við hestaslysum. Markmið með fundarferðinni hringinn í kringum landið var að eiga samtal við lögregluembættin og viðbragðsaðila. Allir lögreglustjórar og viðbragðsaðilar hringinn í kringum landið voru því boðaðir á fund í sínu eigin héraði og kláruðust þessir fundir nú í liðinni viku fyrir landsþing. Heimtur voru góðar heilt yfir en lögreglustjórinn á Vestfjörðum svaraði ekki fyrirspurnum og starfsmenn lögreglustjórans á Suðurlandi sem boðaðir voru á fundinn mættu ekki eða boðuðu forföll. Það er mjög miður þar sem það umdæmi er það svæði sem býr yfir flestum slysum á landinu. Hermann Marínó yfirmaður sjúkraflutninga hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands mætti hinsvegar og gaf mjög greinargóða innsýn í þeirra störf og kom jafnframt með góðar ábendingar til okkar hestamanna um viðbrögð við slysum og eins áframhaldandi greiningarvinnu. Við áttum einnig mjög góðan fund með Ríkislögreglustjóra sem tók mjög vel í erindið og hrósaði okkur hestamönnum fyrir framtakið. Sama var uppi á teningnum hjá yfirmönnum 112 Neyðarlínu en fyrir liggur áframhaldandi vinna í greiningarkortum. Lögreglan á Norðurlandi vestra á svo sérstakt hrós skilið varðandi þeirra verklag þegar kemur að hestaslysum en þeir eru eina embættið sem hefur sett sér sérstakt verklag. Síðasti fundur í fundarferðinni var svo með viðbragðsáætlun á Suðurnesjum en á þann fund mættu yfirmenn heilbrigðisstofnunarinnar, lögregla, sjúkraflutningar, slökkvilið og almannavarnir. Áframhaldandi vinna verður við þessa fundi ásamt fleiri verkefnum tengdum mótahaldi, stefnumótunarvinnu við landsmót og annað sem viðkemur öryggi hestamanna.